STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1997

26. júní 1997 849 Nr. 409

AUGLÝSING

um leyfilegan hámarksafla skipa frá Grænlandi, Noregi og Færeyjum af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Leyfilegur hámarksafli skipa frá Grænlandi, Noregi og Færeyjum af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. reglugerð nr. 374/1997, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, er eftirfarandi:

Skip frá Grænlandi:	139.150 lestir
Skip frá Noregi:	80.490 lestir
Skip frá Færeyjum:	21.225 lestir

2. gr.

Þegar hámarksafla skv. 1. gr. er náð falla veiðileyfi skipa frá viðkomandi landi niður, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 374/1997 um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Brot á auglýsingu þessari varða refsingu skv. 15. gr. reglugerðar nr. 374/1997, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða ásamt síðari breytingum, laga nr. 13, 30. mars 1992 um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. júní 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 60
Gutenberg